

## Umsögn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH)

við drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra.

### Almennt.

Rétt er að geta þess í upphafi að félaginu finnst lítið hafa orðið úr því samráðsferli sem boðað var við endurskoðun villidýralaga. Fáir fundir hafa verið haldnir í samráðshópi og ekki búið að fara í gegnum allan pakkann þegar honum er svo allt í einu slengt inn í samráðsgáttina til umsagnar. Það er gert þegar fólk er almennt að fara í sumarfrí og annasamasti tími leiðsögumanna framundan. Upphaflegur frestur var svo nánast til þess tíma að fólk var að koma til vinnu eftir sumarfrí. Það getur ekki verið að það sé vilji stjórnáslunnar að vinna mál innan þess tímaramma að ekki gefist eðlilegur tími til að vinna umsagnir svo vel sé. Vegna fyrrgreindra ástæðna hefur verið erfitt að ná mönnum saman til að fara yfir frumvarpið.

Þrátt fyrir þessa umsögn þá er langt í frá búið að rýna það eins og eðlilegt hefði verið að gera. Æskilegt væri að sérstakt samráð yrði með FLH, varðandi þá þætti sem snúa sérstaklega að hreindýraveiðum.

### Athugasemdir við einstakar greinar.

#### Við 24. gr.

Greinin fjallar um veiðiaðferðir og í henni er m.a. tiltekin hámarkshlaupvídd haglabyssu vegna fuglaveiða.

Hvergi í greininni er að finna lágmarkstærð á kalíberi fyrir hreindýraveiðar. Æskilegt að sett verði neðri mörk á stærð riffla til nota við hreindýraveiðar. Lagt er til að miðað verði við riffla með hlaupvídd 6mm eða meira með veiðikúlu sem skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e. þenjast hæfilega út í veiðibráð.

Í núgildandi reglugerð nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða er svohljóðandi ákvæði: *Kúlupyngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e. þenjast hæfilega út í veiðibráð.*

Því er jafnframt velt upp hvort ekki sé eðlilegt að sérstök reglugerðarheimild komi fram í greininni varðandi kröfur til hlaupvíddar, slagkrafts og skotfæra við einstakar tegundir veiða eftir því sem þörf er á. Það fælist í því ákveðið samræmi að fella út ákvæði um hámarksstærð við fuglaveiðar og fjalla um slík atriði í reglugerð með sama hætti og gildir um hreindýraveiðar.

Hvergi er minnst á bogveiði í umræddri grein. Lagt er til að bogveiði verði bætt inn sem viðurkenndri aðferð til veiða þar sem það á við. Félagið styður Bogveiðifélag Íslands í viðleitni sinni til að fá veiðar með boga samþykktar. Mikil reynsla er af bogveiðum víða erlendis og hægt að sækja í reynslu þaðan til að móta regluverk um bogveiði.

### **Við 35. gr. um stjórnun hreindýraveiða.**

Í greininni er fjallað um tímafrest til að birta árlegan veiðikvóta og skiptingu eftir svæðum, miðað við 15. janúar.

FLH fagnar því að slíkur tímafrestur verði lögbundinn. Hann mætti ekki vera síðar en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þess skal getið að í upphaflegri reglugerð nr. 486/2003, var fresturinn 1. desember. Birtingar veiðikvóta hefur dregist óeðlilega undanfarin ár án eðlilegra skýringa. Allar tafir vegna birtingar veiðikvóta eru til hins verra, ekki síst fyrir erlenda veiðimenn sem þurfa að skipuleggja sig með góðum fyrirvara.

### **Við 36. gr. um Hreindýraráð.**

Eins og hlutverk Hreindýraráðs hefur þróast undanfarin ár þá hefur það verið einföld afgreiðslustofnun og ekki haft þann styrk sem var á fyrstu árum ráðsins. Ástæður þess má rekja til þess að löggjafinn hafi ekki markað ráðinu nógu skýrt hlutverk við stjórn hreindýraveiða þegar málaflokkurinn fluttist að hluta til Umhverfisstofnunar.

FLH telur mikilvægt að Hreindýraráð verði ætlað það hlutverk sem fram kemur í frumvarpsdrögum. Vegna sérstöðu hreindýraveiða að stofninn heldur sig á Austurlandi er mikilvægt að til sé vettvangur fyrir fulltrúa hagsmunaaðila á svæðinu. Það mun styrkja störf ráðsins að gera ráð fyrir áheyrnarfulltrúum, m.a. frá FLH.

Mikilvægt er að fulltrúar sem skipaðir eru í Hreindýraráð hafi einhverja lágmarks þekkingu á málaflokknum. Eftir því sem þeir hafa meiri þekkingu á málaflokknum þeim mun skilvirkari eru störf ráðsins. Eins leggur FLH til að val á formanni Hreindýraráðs taki mið af því að viðkomandi þekki vel til málaflokksins og sé búsettur á Austurlandi.

### **Við 37. gr. um hlutverk Náttúrustofu Austurlands.**

Í ákvæðinu er fjallað um hverjum Náttúrustofa Austurlands skuli gera grein fyrir tillögum um árlegan veiðikvóta, tilhögun veiða o.fl.

Þarna virðist hafa gleymst að telja upp Hreindýraráð með þeim aðilum sem tilkynna skal tillögur Náttúrustofu Austurlands. Það er nauðsynlegt vegna hlutverks ráðsins.

### **Við 39. gr. um verkleg skotpróf.**

Það er ekki heppilegt að binda í lög frest veiðimanna til að skila inn verklegu skotprófi fyrir veiðidag. Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar falli niður.

Framkvæmd hreindýraveiða hefur verið með þeim hætti að veiðimenn á biðlistum fá rétt til veiðileyfa ef aðrir veiðimenn forfallast. Þetta gerist t.d. á lokadögum veiðitímabils. Í slíkum tilfellum þurfa veiðimenn að fara í verklegt skotpróf og finna sér veiðidaga með stuttum fyrirvara. Þá fá þeir afhent leyfi til veiða frá starfsmanni Umhverfisstofnunar, eftir að fyrir liggur að þeir hafi staðist skotpróf. Lögbundinn frestur um skil á verklegu skotprófi er bæði óþarfur og óheppilegur fyrir framkvæmd veiða.

#### **Við 40. gr. um leiðsögumenn á hreindýraveiðum.**

Þar sem þessi grein öðrum fremur markar hvaða menntun væntanlegir leiðsögumenn þurfa að sækja sér til að geta fengið réttindi, þá er nauðsynlegt að fara vel yfir hana.

Í 1. mgr. er kynnt að gert sé ráð fyrir endurnýjun leyfa starfandi leiðsögumanna á 4 ára fresti. Það er ekki skýrt hver er staða leiðsögumanna við endurnýjun leyfa. Nú tíðkast að við endurnýjun taki leiðsögumaður verklegt skotpróf og fari í sérstakt upprifjunarnámskeið í skyndihjálp. Taka ætti þetta fram varðandi endurnýjun leyfa.

Leiðsögumenn með hreindýraveiðum sinna þeim hluta veiðistjórnunar sem fram fer á veiðislóð og eru í beinu samstarfi við Umhverfisstofnun í störfum sínum. Þeirra hlutverk er meðal annars að tryggja velferð hreindýra á veiðislóð og sjá til að þau séu felld á sem mannúðlegastan hátt. Í störfum sínum eru þeir ábyrgir fyrir leiðangri þar sem hluti hópsins er alltaf vopnaður stærstu leyfilegu rifflum sem íslensk lög leyfa. Auk þess eru menn með hnífa sem hægt er að slasa sig á. Jafnframt eru aðstæður á margan hátt hættulegar. Ferðast er utan alfaraleiða í síbreytilegu veðri, utan í bröttum fjöllum og í erfiðu landi þar sem sífellt er hættu á að geti orðið slys. Menntun leiðsögumanna þarf að miða að því að búa þá undir krefjandi aðstæður sem alltaf geta komið upp og kalla á að þeir séu tilbúnir að taka stjórn á vettvangi og veita fyrstu hjálp þar til bjargir berast. Hlutverk leiðsögumanns er fjölbætt og skiptir reynsla af veiðum og veiðislóð þar miklu máli.

Lagt er til að fram komi að Umhverfisstofnun skuli semja námsskrá í samráði við FLH. Í öllu falli verði tekið fram í lögnum að FLH skuli veita umsögn um námsskrána.

Lagt er til að **4. töluliður** um hæfnisskilyrði orðist svo:

*4. Hafa farið í 10 skipti á hreindýraveiðar þar sem dýr er veitt.*

*Þar af geti þau skipti sem leiðsögumaður hefur sjálfur verið veiðimaður á síðustu 5 veiðitímabilum talið með.*

*Önnur skipti skulu farin undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun, næstu 2 veiðitímabil áður en leyfi er útgefið. Fjallað skal nánar um fyrirkomulag slíkra ferða í námsskrá.*

Tillagan er viðleitni til að tryggja lágmarks reynslu við leiðsögn. Þeir sem til hreindýraveiða hafa farið vita að tveir veiðitúrar segja ósköp lítið í þjálfun leiðsögumanns. Í grein frumvarpsdraga er ekki minnst á hvort krafa er um að veitt hafi verið í veiðiferðunum. Ef einhver tilgangur á að vera með æfingaferðunum þá þyrftu þær að vera fleiri en tvær og helst með fleirum en einum leiðsögumanni. Ekki er ljóst hvernig löggjafinn hyggst meðhöndla þessar æfingaferðir lagalega eða fjárhagslega. Væntanlega reiknar löggjafinn með að nemi sé á ábyrgð þess leiðsögumanns sem handleiðsluna veitir.

Um aðra töluliði hæfnisskilyrða eru gerðar eftirfarandi athugasemdir en meta þarf hvort þeir eigi að leiða til breytinga á frumvarpsdrögum og/eða koma til umfjöllunar í námsskrá.

Um **3. tölulið**.

Þessi liður er mjög mikilvægur og þess vegna þarf að koma nánari skilgreining í reglugerð um hvernig löggjafinn hyggst tryggja að væntanlegir leiðsögumenn uppfylli þau skilyrði sem þar eru talin upp um þekkingu og reynslu.

Skilgreina þarf nánar hvað væntanlegur leiðsögumaður þarf að kunna svo hann teljist hafa næga þekkingu til að bera til að láta fella hreindýr á sem fljótverkastan og sársaukaminnstan hátt án þess að taka áhættu með að missa frá sér sært dýr.

Tryggja þarf að væntanlegur leiðsögumaður hafi til að bera þekkingu og reynslu til að meðhöndla fallna bráð sem matvæli. Veita þarf þjálfun í að taka innan úr dýri án þess að gormenga það. Eins þarf að þjálfra upp handtök við fláningu og hreinsun skrokkans eftir fláningu til að varna að skemmdir verði af gor í kviðarholi eða blóði í kringum skotsár. Gott væri ef væntanlegur leiðsögumaður væri búinn að fara sem flestar veiðiferðir og fengi þá að þjálfra sig í að taka innan úr föllnum dýrum. Það gæti viðkomandi gert á eigin forsendum sem undirbúning fyrir námið og haldið dagbók með kvittun viðkomandi leiðsögumanna og lagt fram með umsókn.

#### Um 5. tölulið.

Skilgreina þarf tímalengd og efnistöð námskeiðs til að mæta sem best þeim aðstæðum sem veiðimenn starfa í við hreindýraveiðar. Þær fara gjarnan fram langt frá alfaraleiðum og þess vegna gjarnan langt í að bjargir berist til viðkomandi.

#### Við 41. gr. um hlutverk og skyldur leiðsögumanna.

Í greininni er m.a. fjallað um heimild til að nota sexhjól til að sækja felld hreindýr og mögulega leyfissviptingu leiðsögumanna. Breytingartillögur snúa einkum að þessum þáttum greinarinnar.

Það er heppilegt að fjalla um heimild til notkunar sexhjóna í lögnum. Þess skal getið að þar sem sexhjól hafa verið notuð til að sækja bráð er það oft á svipuðum slóðum og vélknúin tæki eru notuð í tengsl við landbúnað, einkum smalamennskur. Á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að slík tæki urðu algeng er komin fram nokkur reynsla um áhrif þeirrar notkunar. Almennt má segja að sú takmarkaða notkun sem hefur verið heimiluð tengd landbúnaði og veiðum sýni að hún getur farið fram í góðri sátt við gróður og umhverfi. Þá getur notkun léttari tækja verið mjög æskileg við umferð á vegslóðum, sérstaklega í votviðriðs sumrum.

Flest öll sexhjól sem eru notuð í dag við hreindýraveiðar eru með götuskráningu og er leyfilegt að fara á þeim til veiða eftir vegum eða slóðum samkvæmt gildandi lögum. Alltaf verður matskennt hvenær og hvar þau undantekningartilfelli eru sem teljast réttlæt看anleg til að nota sexhjól til að sækja fellda bráð. Þess vegna er lagt er til að fella út úr textanum orðin „í undantekningartilfellum“. Eins getur verið annmörkum háð að uppfylla ákvæðið um að tilkynna Umhverfisstofnun áður en farið er að sækja fallna bráð. Símasamband er misgott á veiðislóð og á sumum svæðum nánast ekkert. Lagt er til að svipaðar vinnureglur verði viðhafðar eins og verið hafa undanfarin ár. Þá myndi vera leyfilegt að taka sexhjól með til veiða og sækja fallna bráð að veiðum loknum án sérstaks leyfis starfsmanns Umhverfisstofnunar þann daginn. Hluti af því að geta sótt fallna bráð fjarri vegum er að koma henni sem fyrst í fláningu og kælingu, ekki síst þegar heitt er í veðri og sterkt sólskin. Aðgangur að sexhjólum á veiðislóð getur einnig varðað mikilvæga öryggishagsmuni t.d. ef óhöpp verða eða ef veiðar dragast fram í myrkur.

Vegna ákvæðis um mögulega sviptingu réttinda til að starfa sem leiðsögumaður er ekki ljóst að hverju er nákvæmlega stefnt með upptalningu á lögum sem valdið geti áminningu eða sviptingu. Leiðsögumaður með hreindýraveiðum er með réttindi til að leiðsegja við veiðar á hreindýrum. Ekki er hægt að átta sig á af greinargerð frumvarpsdraga hver tilfelli gætu verið varðandi brot á skotvopnalögum eða lögum um velferð dýra sem valdið gætu starfsleyfismissi. Óskað er eftir að þessi grein verði skýrð nánar eða umorðuð og haft í huga að eðlilegt samræmi sé milli þeirra viðurlaga að missa réttindin og hagsmuna að því að starfa sem leiðsögumaður.

Það er hæfnisskilyrði að leiðsögumaður hafi skotvopnaleyfi og veiðikort. Brot á skotvopnalögum geta leitt til missis leyfis um tiltekinn tíma. Einnig geta brot á veiðilöggjöf leitt til missis veiðikorts um tiltekinn tíma. Það eru engin sérstök rök fyrir að hafa staðlaða 4 ára sviptingu leiðsögumannaréttinda þótt leiðsögumaður missi réttindi. Atvik geta verið mjög mismunandi. Grein um sviptingu getur orðast svo, þar sem áhersla er lögð á tengsl brots við störf sem leiðsögumaður og að brot á skotvopna- og/eða veiðilöggjöf leiða jafnan til missis leyfa/veiðikorts með dómi og þá um lengri tíma eftir alvarleika brots.

*Brjótí leiðsögumaður gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim vegna starfa sem leiðsögumaður, getur Umhverfisstofnun veitt honum áminningu eða svipt hann leyfi til leiðsagnar. Svipting skal ekki eiga sér stað nema að undangenginni áminningu vegna sambærilegra saka eða vegna alvarlegra brota. Leiðsögumaður skal sviptur leyfi til leiðsagnar til hreindýraveiða ef hann er sviptur skotvopnaleyfi eða veiðikorti með dómi. Hafi leiðsögumaður verið sviptur leyfi til leiðsagnar er honum heimilt að sækja um slíkt leyfi innan 2ja ár að nýju enda uppfylli hann skilyrði sem gerð eru til endurnýjunar leyfis og hafi sótt námskeið og staðist próf samkvæmt, 6. tl. 40. gr. laga þessara.*

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum

Jón Hávarður Jónsson

formaður